

Stjórnarfundur nr. 14
14. mars 2012 kl.17:15 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Fulltrúar frá Retrieverdeild mæta kl.18:00 - skráning á veiðiprófum A-2579

Fyrir hönd deildarinnar mættu Guðbjörg Guðmundsdóttir og Arnar Tryggvason. Samþykkt að þeir sem koma á skrifstofu til að skrá á veiðipróf noti skráningarkerfið á vefsíðu deildarinnar og starfsmaður á skrifstofu sendir staðfestingu á deildina að viðkomandi sé búin/n að greiða prófið. Undanþága gerð í sumar á skráningum ef skráningarfrestur skarast á við sumarlokun.

2. Erindi frá Shih tzu- og Papillon-og phélenedeild vegna reglu um PRA

Samþykkt að þýða sænsku regluna og fara betur yfir málefnið á næsta stjórnarfundum.

3. DVD diskurinn “Til hamingju með hvölpinn þinn” og bæklingurinn “Börn og hundar”

Í kjölfar hugmyndavinnu á stefnumótunardegi okkar sem fram fór í apríl 2011, var sett á laggirnar stefnumótunarteymi. Stefnumótunarteymið hóf strax að forgangsraða þeim málaflökkum sem helst var kallað eftir breytingum á. Ákveðið var að leggja aðaláherslu á kynningar- og upplýsingarstarfsemi þar sem almenn þekking á hundum og hundahaldi á Íslandi er afar takmörkuð. Ákveðið var að semja við yfirdýralæknaembættið í Sviss um þýðingu á röð upplýsingabæklinga sem embættið hefur gefið út á síðustu árum og leggja aðaláherslu á umgengni barna við hunda. Í ljósi þess að alvarlegum hundsbitum hér á landi hefur farið fjölgandi verður ekki of mikið gert úr mikilvægi þess að kenna rétta umgengni við hunda, sérstaklega hvað ber að varast og hvernig forða megi slysum. Bæklingurinn *Börn og hundar* er á leið í prentun og hefst kynningarstarfið í kjölfarið á því. Kynningastarfið hefst á **Menningarhátíð barna** sem haldin verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum helgina 21.- 22. apríl. Fulltrúar stefnumótunarteymisins ásamt stjórn félagsins sjá um kynningarstarfið, hafa meðferðis hunda og afhenda börnunum bæklinginn. Fjölbreytt dagskrá verður í garðinum þessa helgi og verða fulltrúar HRFÍ báða dagana frá kl. 13:00-17:00.

Menningarhátíð barna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum helgina 21.-22.apríl:

Dagskrá báða daga kl: 13:00-17:00:

Félagar í Hundaræktarfélagi Íslands (HFRÍ) verða með hunda til sýnis og gefa börnum góð ráð varðandi umgengni við þá.

4. Niðurstöður augnskoðunar

A-2580

Alls 182 hundar skoðaðir þar af 28 skoðaðir á Akureyri um 25 hundategundir. Tveir hundar af tveimur hundategunum greindir með arfg. Cataract, fara báðir í ræktunarbann. Augnskoðun fór fram að Klettagörðum 6, 104 Reykjavík.

5. Alþjóðleg hundasýning HRFÍ 25.-26. febrúar 2012

A-2581

Alls voru skráðir 696 hundar af 83 tegundum auk 28 ungrir sýnendur. Sýningin tókst vel í nýju húsnæði að Klettagörðum 6. Dómarar sýningar voru frá Bretlandi, Finnlandi, Króatíu, Spáni, Sviss og Svíþjóð. Allir hafa sent þakkarbréf og að venju lofuðu þeir skipulagningu, framkvæmd, starfsmenn sýningar og mikla vinsemi í þeirra garð. Deildir sem aðstoðu stóðu sig með stakri þryði bæði við aðstoð við undirbúning, á sýningunni og eftir. Einnig vorum

við með frábært starfsfólk í eldhúsi og við undirbúning veitingasölu Unglingadeildar. Flestir sammála um að sýningin hafi tengt félagsmenn betur saman vegna nálægðar. Úrslit sýningarinnar báða daga gengu hraðar en búist var við en það er hugsanlega vegna þess að allir eru á sama staða bæði sýnendur, eigendur og áhorfendur.

6. Lagabreytingar

A-2582

7. Dómaranefnd – skipun og starfsreglur

8. Erindi frá Vinnuhundadeild – uppfærðar reglur ofl.

Valgerður og Björn fara yfir og kynna á næsta stjórnarfundum.

9. Tillaga um breytingu í reglugerð um ættbókarskráningu

Bæta inn í reglugerð um ættbókarskráningu að greinist hundur með arfgengan augnsjúkdóm megi aðeins para hann við annan hund sem er ekki með þann augnsjúkdóm. (Þetta taki þá gildi á eftir PRA reglunni og tegundabundum). Augnlæknarnir mæla ítrekað með því að aðeins sé notað frítt á móti en engar reglur eru til um það hér.

Samþykkt

10. Umsögn HRFÍ um frumvarp til laga um innflutning dýra (gæludýr), 134.mál. A-2583

Valgerður Júlíusdóttir sendi umsögnina inn fyrir 1. mars.

11. Erindi til stjórnar frá Birgittu Hreiðarsdóttur vegna Rat Terrier

A-2584

Samþykkt að senda fyrirspurn til NKU.

12. Erindi frá Ulriku Nordblom – þörun á collie smooth á móti collie rough. A-2585

Samþykkt að fá staðfestingu hjá stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar að þeir samþykki ekki að para megi saman collie smooth á móti collie rough. FCI leyfir ekki þessa þörun.

13. NKU vísindaráðsfundur 24.-25. október 2012 í Danmörku

14. Erindi frá Moniku Karlsdóttur – viðurkenning á réttindum

A-2586

Samþykkt að veita henni við viðurkenningu til að dæma hlýðni 2 og hlýðni 3 á vinnuprófum félagsins. Önnur réttindi ákveðin síðar.

15. Önnur mál

• Áskorun frá félagsmanni

A-2587

Málið rætt og útskýringar gefnar. Málið útskýrt eins og það var og beðið afsökunar á facebook síðu.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn miðvikudaginn 21. mars kl.17:00 - ljúka við textann á dvd disknum.

Fundi slitið.

Sign: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.